

FORMLEGT GÆÐAKERFI HÁSKÓLA ÍSLANDS

Samantekt úr greinagerð um reglulegt mat

Hugvísindasvið febrúar 2026

Formáli

Eftirfarandi er samantekt á helstu niðurstöðum úr reglulegu mati Hugvísindasviðs eins og þeim er lýst í greinagerð um reglulegt mat í febrúar 2026. Reglulegt mat er hluti af innra gæðamati Háskóla Íslands og er gert í samræmi við skilgreint verklag í gæðakerfi HÍ. Matið byggir á tölulegum gögnum um starfsemina, greinargerðum starfseininga um símat skólaárið 2024–2025, fyrra gæðamati og samráði við aðila innan sviðsins.

Skýrsluhöfundur:

Ólöf Garðarsdóttir, forseti Hugvísindasviðs

Þátttakendur:

Deildarforsetar, deildarstjórar og rekstrarstjórar á sviðinu
Rannsóknastjóri Hugvísindasviðs
Fulltrúar í kennslunefnd Hugvísindasviðs

Samantektin er birt á vefsíðu Háskólans í þeim tilgangi að upplýsa hagaðila um hvernig gæði náms, kennslu og rannsókna eru tryggð innan fræðasviðsins.

Inngangur

Við matið var lögð áhersla á að greina góða starfshætti, finna tækifæri til umbóta, greina nauðsynlegar úrbætur og tryggja markvissa eftirfylgni niðurstaðna. Í greinagerðinni er því lýst hvernig gæði hafa verið tryggð og þróuð á fræðasviðinu og greint frá ígrundun um hvort þörf sé á breyttu verklagi.

Innra gæðastarf

Greinargerðin dregur saman niðurstöður fyrra ytra og innra gæðamats, þar á meðal eftirfylgni við umbótaáætlanir deilda, og byggir jafnframt á greinargerðum um símat og samanteknum lykildögnum um nám, kennslu, rannsóknir og mannafla. Með þessu er lögð áhersla á að styrkja reglubundna sjálfsrýni og gera stöðu smærri og stærri greina sýnilegri.

Helstu niðurstöður

Hugvísindasvið gegnir lykilhlutverki í kennslu og rannsóknum á íslenskri tungu, bókmenntum, menningu, sögu, trúarbrögðum, heimspeki og erlendum tungumálum. Sviðið er jafnframt alþjóðlegt að eðli, með fjölda erlendra starfsmanna og nemenda, alþjóðlegar námsleiðir og virk tengsl við erlenda samstarfsaðila.

Í greinargerðinni kemur fram að sviðið starfi á breiðum fræðilegum grunni, en að fjárhagslegar forsendur séu víða þröngar, ekki síst þar sem margar greinar eru fámennar og starfa innan ramma sem hentar illa kostnaði við smærri hugvísindagreinar. Þessi staða kallar á áframhaldandi forgangsröðun, endurskoðun námsleiða og markvissari stuðning við námsframvindu og rannsóknastarf.

Sviðið býr yfir skýrum styrkleikum í rannsóknum, alþjóðlegum tengslum, stafrænum hugvísindum og samstarfi við menningarstofnanir. Á sama tíma er lögð áhersla á að efla meistara- og doktorsnám, auka skiptinám og þróa áfram umræðu og verklag um notkun gervigreindar í kennslu og rannsóknum.

Góðir starfshættir

Eftirfarandi starfsvenjur sem varpað var ljósi á í matinu er vert að nýta hjá fleiri starfseiningum innan fræðasviðsins og miðla bestu starfsvenjum:

- » Þjónusta við rannsakendur og stuðningur við styrkjaöflun.
- » Efling meistaranáms með auknum stuðningi við meistaranema.
- » Samstarf við aðra háskóla og menningarstofnanir.
- » Efling stafrænna hugvísinda á vettvangi Miðstöðvar stafrænna hugvísinda og lista.
- » Alþjóðleg net og verkefni í kennslu og rannsóknum.
- » Möguleiki á aukinni breidd í námsframboði í grunnnámi, meðal annars með aukagreinum og örnámi í hugvísindum.

Tækifæri til umbóta

Eftirfarandi tækifæri til umbóta innan fræðasviðsins komu í ljós við matið og er vert að nýta eða kanna betur:

- » Stuðla enn frekar að öflugum stuðningi við meistaranema.
- » Auka áherslu á skiptinám í útlöndum.
- » Efla samstarf milli fræðasviða og deilda í kennslu og rannsóknum.
- » Skoða möguleika á að fækka námsleiðum og skýra betur umgjörð kjörsviða innan þeirra.
- » Þróa áfram sameiginlegan samræðugrundvöll um notkun gervigreindar í kennslu og rannsóknum.

Atriði sem þarfnast úrbóta

Eftirfarandi eru þær úrbætur sem mikilvægast er að ráðast í á fræðasviðinu:

- » Fækka námsleiðum eða minnka einingafjölda í þeim greinum sem glíma við mestan fjárhagsvanda.
- » Hvetja nemendur markvissar til skiptináms og bæta umgjörð þess.
- » Styrkja stuðning við doktorsnema.

Aðgerðir og áætlun um innra gæðamat

Í framhaldinu verður áfram að þeim umbótaverkefnum sem þegar eru í farvegi, samhliða því að móta ný verkefni í takt við stefnu HÍ og forgangsröðun sviðsins. Þar vega þyngst mál er varða námsframboð, meistara- og doktorsnám, alþjóðlegt nám og samstarf þvert á einingar.

Eftirfylgni og ábyrgð

Forseti Hugvísindasviðs, í samráði við stjórnendur og starfseiningar sviðsins, ber ábyrgð á eftirfylgni með aðgerðum og reglubundinni endurskoðun innra gæðastarfs.